


Fjarráðgjöf um nám og störf sem byggist á notkun  
tölvu- og upplýsingatækni: ný lausn rafrænni í opinberri  
þjónustu fyrir alla.



**Upplýsingar**



**egos**

# Hvað er eGOS verkefnið?

eGOS (E-GOvernance and e-guidance Services eða rafræn stjórnsýsla og ráðgjöf) er fjarráðgjöf um nám og störf. Stefnt er að því að fólk sem af ýmsum ástæðum á erfitt með að fá hefðbundna ráðgjöf eða fær hana alls ekki geti nýtt sér þessa ráðgjöf.

e-GOS verkefnið hóst í nóvember 2008 og því líkur í október 2011. Evrópusambandið styrkir það í gegnum Tölvu- og upplýsingatækni stuðningsáætlun sína (ICT PSP) sem er hluti af áætluninni Samkeppni og nýsköpun ([http://ec.europa.eu/ict\\_psp](http://ec.europa.eu/ict_psp)).

- Markmiðið með eGOS verkefninu er að auka atvinnuþátttöku með tilraunarþjónustu sem byggist á nýjustu þjónustuaðferðum og miðast einkum við fólk sem stendur höllum fæti vegna landfræðilegra aðstæðna, líkamlegrar fötlunar eða vandamála í einkalífi eða starfi.
- Boðið verður upp á þjónustu sem nær til eins stórs hóps neytenda og unnt. Hefðbundin ráðgjöf verður samþætt nýjustu tækni þannig að þjónustan verði eins fjölbreytt og nokkurs er kostur og verði þannig gagnleg fyrir alla. Stjórnvöld á hverjum stað geta minnkað kostnað við náms- og starfsráðgjöf og bætt samskiptin sín við þegnana með því að bæta við nýjum samskiptaáðferðum auk þess að hitta þá augliti til auglitis.

## Hver eru verkfærj eGos verkefnisins?


Verkefnið byggir á samþættri nýtingu hugbúnaðar, vélbúnaðar og innihalds um náms- og starfsráðgjöf.

**ÓKEYPIS HUGBÚNAÐUR SEM KALLAÐUR ER WISP** (Web-based Integrated Services Platform - eða Samþættur þjónustugrunnur á netinu) er notaður til að birta upplýsingar og bjóða upp á ráðgjöf og stuðning með hjálp nýjustu samskiptatækni. Miðlunarkerfinu, sem verður lykilþáttur WISP kerfisins, má lýsa sem rafrænni verkefnaskrá sem neytendur og þjónustuveitendur deila.

SÉRSTÖKUM EGOS þjónustustöndum verður komið upp á afskekktum svæðum þar sem hefðbundin náms- og starfsráðgjöf er lítil

eða engin, nálægt opinberum þjónustustofnunum eða innan þeirra.

Tölvum verður einnig komið fyrir á sérstökum stöðum þannig að bæði ráðgjafar og þjónustunotendur geti notað þær við að finna upplýsingar, biðja um ráðgjöf eða veita hana.



## Hvernig er hægt að nota sér eGOS kerfið?

Þjónusta eGOS kerfisins er aðgengileg:

- í gegn um tölvu að heiman
- úr eGOS þjónustustöndunum
- úr tölvum sem komið hefur verið upp í þessum tilgangi.

eguidance &  
egovernmentservices




## Hverjir eru kostir eGOS kerfisins?

Mismunandi þjónustunotendur geta nýtt sér kerfið að heiman hvenær sem er sólarhringsins. Þeir geta einnig nýtt sér þjónustustandana og þjónustutölvunar sem aðilar verkefnisins eða aðrar þjónustustofnanir bjóða upp á.

Þjónustunotendur eru meðal annarra:

- fólk sem býr á landfræðilega einangruðum svæðum
- fólk sem hefur aðgang að lítilli eða engri hefðbundinni ráðgjöf
- fólk sem hefur takmarkaðan tíma, t.d. þeir sem eru í fullu starfi, foreldrar og aðrir sem geta nýtt sér hana þegar hefðbundnar stofnanir eru lokaðar
- fólk sem á erfitt með að komast á milli staða vegna bágrar heilsu eða hás aldurs
- fólk með félagsleg vandamál t.d. þeir sem hafa hætt snemma í skóla
- „feimnir“ notendur sem vilja frekar nota sér þjónustu í gegn um tölvu- og upplýsingatækni en að hitta ráðgjafa augliti til auglitis.



# Hvað getur eGOS verkefnið gert fyrir þig?

Nýjungin við þetta verkefni er að þjónustan verður í boði með öðrum aðferðum en þeim sem tíðkast í hefðbundinni ráðgjöf: venjuleg heimilistölva og nettenging er nóg til þess að veita ráðgjöf um nám og störf.

Þjónustunotendur geta leitað upplýsinga á vef eGOS verkefnisins hvenær sem þeir vilja og ákveðið tíma með ráðgjöfum verkefnisins þegar báðir aðilar hafa tíma.

## - Með því að nota tölvutæknina getur þú:

- fengið upplýsingar um námskeið og starfsmöguleika bæði í þínu landi og erlendis
- fengið ráð um nám og störf, líka í öðrum löndum
- fengið ýtarlega náms- og starfsráðgjöf.

## - Námsráðgjafar geta

- fengið upplýsingar um þarfir þjónustuleitenda, stutt þá í leit að betra starfi sent þeim tölvupóst sem hluta af heildarlausn (sem einnig byggist t.d. á ráðgjöf augliti til auglitis) sem miðar að því að aðstoða þá við að gera áætlan um starfsframa
- aðstoða þjónustunotendur í gegn um spjallrásir við að taka ákvarðanir um frekara nám, veitt þeim upplýsingar um sértæk málefni og fylgt þeim eftir og metið með frekari samskiptum
- metið þarfir þjónustunotenda og veitt þeim upplýsingar um tækifæri í námi og á vinnumarkaði
- veitt ráðgjafarviðtal.

# Vantar þig upplýsingar?


eGOS kerfið inniheldur upplýsingar um:


- nám í boði í þínu landi eða framhaldsnám erlendis
- vinnutækifæri í þínu landi eða erlendis og starfsþjálfun erlendis.

Ef þú vilt skoða þessar upplýsingar þarftu að:

- fara inn á vef eGOS verkefnisins KRÆKJA “<http://www.egos-cip.eu>” [www.egos-cip.eu](http://www.egos-cip.eu)
- smella á hnappinn „Leit að námi eða starfi“
- velja þann flokk sem þú vilt (þ.e. starf, þjálfun, menntun, starfsþjálfun á vinnustað o.s.frv.).


Þetta geturðu gert í tölvu að heiman úr eGOS þjónustustöndunum eða eGOS tölvunum sem sýndar eru á kortinu.





# Vantar þig góð ráð?

Að lokinni upplýsingaleitinni getur verið að þér finnist þig vanta sérhæfða ráðgjöf frá ráðgjafa um þær upplýsingar sem þú fannst. Þá er mögulegt að eiga gagnvirkt samtal við ráðgjafa með því að nota sér spjallrásir, ókeypis símtöl eða myndfundi.




Þjónustunotandi í einu landi þarf hugsanlega ráðgjöf um þessi mál varðandi önnur lönd.

Þetta geturðu gert í tölvu að heiman úr eGOS þjónustustöndunum eða eGOS tölvunum sem sýndar eru á kortinu.


# Þarftu náms- og starfsráðgjöf?

Þú þarft hugsanlega frekari ráðgjöf til þess að uppfylla væntingar þínar.



Við bjóðum upp á ráðgjafarviðtöl sem geta nýst þér við að fá vinnu, ráð um hvernig best er að hegða sér í starfsviðtali, skrifa ferilskrá, finna upplýsingar um laus störf og önnur þau atriði sem við koma náms- og starfsráðgjöf. Gagnvirk samtöl eru möguleg í gegn um spjallrásir, ókeypis símtöl og með hjálp annarrar tölvu- og upplýsingatækni.

Þetta geturðu gert í tölvu að heiman úr eGOS þjónustustöndunum eða eGOS tölvunum sem sýndar eru á kortinu.



## Hvernig verndum við persónuupplýsingar?

Aðilar að eGOS verkefninu leggja mikla áherslu á vernd persónuupplýsinga. Stefna sú sem þeir hafa sétt sér í þessu máli er byggð á reglugerð Evrópusambandsins númer 45/2001 sem samþykkt var í Evrópuþinginu og af Ráðherraráðinu 18. desember 2000.

Til að tryggja örugga meðferð upplýsinga eru þær jafnharðan dulkóðaðar áður en þær eru sendar áfram í kerfinu.

Hæðsta stig færíbreytna sem völ er á (128 bitar) er notað í þessum tilgangi. Þegar upplýsingar þínar koma til okkar eru þær vistaðar á netþjóni sem er vaktaður af öryggisvörðum og rafrænt.

Netþjónar okkar eru handan rafræns eldveggis og tengjast aldrei netinu þannig að þínar persónuupplýsingar halda áfram að vera leynilegar.

Frekari upplýsingar eru í stefnu okkar í vernd persónuupplýsinga og í lagaákvæðum. Við bendum þér á að lesa upplýsing samþykki áður en þú skráir þig á veg okkar “<http://www.egos-cip.eu>”

**Hvar er okkur að finna?**

ISLANDIA  
Reykjavík  
Hafnarfjörður  
Egilsstaðir  
Höfn

SPANIA  
Vila-real  
Santisteban del Puerto (Jaén)  
La Puerta de Segura (Jaén)  
Jaén  
Úbeda  
La Carotina  
Álcala La Real

ITALIA  
Venaria Reale  
Settimo Torinese  
(TO)

ITALIA  
Arezzo  
Cavriglia  
Bibbiena  
Sestino  
Montevarchi

ROMÂNIA  
Primăria  
Municipiului Iași


ITALIA  
Cagliari  
Oristano  
Abbasanta  
Castelsardo

BULGARIA  
Vratsa, Razgrad, Shumen,  
Dupnitsa, Nedelino, Dolna  
Studena Village, Shipka,  
Mokresh

**Hvernig geturðu haft samskipti við eGOS ráðgjafa?**

Af eGOS vefnum geturðu aflað þér upplýsinga um nám og störf (fyrsta þrep ráðgjafar)

Í landi þínu er eGOS þjónustan aðgengileg á eftirfarandi stað og tímum:



# Ísland

## HAFNARJARÐARBÆR:

Gamla bókasafnið,  
Mjósund 10. 220 Hafnarfirð

Mánudaga	14:00 - 23:00
Fimmtudagar	14:00 - 23:00
Föstudagar	19:00 - 22:00
Sunnudagar	19:00 - 22:00

## EGILSSTAÐIR

Tjarnarbraut 39e, 700  
Egilsstaðir

Mánudaga	09:00 - 16:00
Föstudaga	09:00 - 16:00

## HÖFN

Nýheimar, Litlubrú 2, 780  
Höfn í Hornafirði

Mánudaga	09:00 - 16:00
Föstudaga	09:00 - 16:00

# Hver erum við?



PROVINCIA  
DI AREZZO

**Héraðsstjórnin í Arezzo**  
verkefnisstjórn  
Ítalíu



MELIUS

**Melius**  
tæknistjórn og alþjóðleg samvinna  
lykilaðili > innihald / aðferðy  
Ítalíu



Lynx

lykilaðili > hugbúnaður  
Ítalíu

MasterStudio  
Communication & Design

MasterStudio

hönnun / samskipti /  
dreifing upplýsinga  
Ítalíu



Totem

lykilaðili > vélbúnaður  
Ítalíu



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær

úttekt  
Íslandi



Fundación Andaluza  
Fondo de Formación  
y Empleo

Stofnun um þjálfun  
og vinnu

þjálfun ráðgjafa  
Spáni



Polymetis

úttekt  
Búlgaría



DIPUTACIÓN  
DE JAÉN

Hérasstjórnin í

prófun kerfis  
Spáni




Il·lm. Ajuntament  
de Vila-real

Vila-real  
borgarstjórnin í Vila-Real

prófun kerfis  
Spáni

Samstarfaðilar eru bæði úr einka- og opinbera geiranum frá fimm löndum: Búlgaríu, Íslandi, Rúmeníu, Spáni og Ítalíu.



**City Hall  
of Iasi**

*prófun kerfis*  
Rúmenía



**Studio e  
Progetto 2**  
Asociația

*prófun kerfis*  
Ítalíu



**O.R.SO.**  
Asociația  
socială

*prófun kerfis*  
Ítalíu



**ECMIS**  
Agencia Estatal  
de Tecnología  
de la Información  
y la Comunicación

*úttekt*  
Búlgaría



**Rannsóknþjónusta  
Háskóla Íslands,  
Evrópu miðstöð nams og  
starfsráðgjafa**

*kerfins prófun*  
Íslandi



**Pekkingarnet  
Austurlands**

*þjálfun  
ráðgjafa*  
Íslandi



**Gi.O.C**  
Asociația

*úttekt*  
Ítalíu



**Znanie**  
stofnunarinnar  
í Sófíu

*þjálfun ráðgjafa*  
Búlgaría



**Viðskiptaráð  
Jaén**

*prófun kerfis*  
Spáni



**iCentres**  
samtökin

*prófun kerfis*  
Búlgaría



**En.A.P.**

*þjálfun ráðgjafa*  
Ítalíu

eguidance &  
egovernement services

**Fjarráðgjöf um nám og störf  
sem byggist á notkun tölvu- og  
upplýsingatækni: ný lausn rafrænni  
opinberri þjónustu fyrir alla.**

Frekari upplýsingar (ýmis rit, póstlistar, góð ráð, fréttabréf,  
upplýsingar um aðila verkefnisins) eru á vef þess:

**[www.egos-cip.eu](http://www.egos-cip.eu)**

einnig má senda okkur póst á  
[info@egos-cip.eu](mailto:info@egos-cip.eu)